

Auglýsing

um

breytingar á burðargjaldi til Danmerkur.

111
31. mars

Frá 1. apríl þ. á. skal taka burðargjald fyrir sendingar þær frá Íslandi til Danmerkur, sem að neðan eru taldar eins og hjer segir:

Spjaldbrjef	15	aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari	30	—
Fyrir óborguð eða vanborguð spjaldbrjef skal heimta hið vanborgaða burðargjald að viðbættum 15 aurum, þó aldrei meira en hið vanborgaða burðargjald tvöfalt.		
Prent, sýnishorn af vöru og verslunarskjöl fyrir hver 50 gr. eða þar undir ... (fyrir sýnishorn er minsta burðargjald 20 aurar og fyrir verslunarskjöl 40 au.)	10	—
Meðmælingargjald	30	—
Innheimtugjald fyrir póströfur á meðmælingarbrjefum og verðbrjefum	15	—
Fyrir verðböggla skal innheimta sjerstakt afgreiðslugjald	30	—
Hraðboðagjald	50	—
Móttökukvittun, sem beðið er um, þegar sendingin er látin á póst	20	—
Móttökukvittun, sem beðið er um eftir á	40	—
Fyrirspurnir um allskonar sendingar	40	—

Póststjórnin, Reykjavík, 31. mars 1921.

S. Briem.

Reglugjörð

um

112
5. sept.

[Hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um, að allir hundar 2ja mánaða og eldri innan lögsagnarumdæmisins sjeu hreinsaðir af bandormum svo vel sem frekast er unt. Hreinsun fer fram í maí og nóvember árlega eftir leiðarvísi, er heilbrigðisnefnd semur. Ef heilbrigðisnefnd telur sjerstaka ástæðu til, getur nefndin fyrirskipað aukahreinsun.

2. gr.

Til starfans skipar heilbrigðisnefnd 1 mann. Getur enginn karlmaður, búsettur innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum embættismönnum, bæjarfulltrúum, símamönnum og starfsmönnum bæjarins, skorast undan að gegna starfi þessu 4 ár í senn.